

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um landsmarkmið í loftslagsmálum.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvenær hyggst ríkisstjórnin endurskoða og styrkja landsmarkmið í loftslagsmálum, líkt og aðildarríki Parísarsamningsins voru hvött til í lokayfirlýsingu COP27 í Sjam el-Sjeik?
2. Í hverju mun slík uppfærsla helst felast, sérstaklega gagnvart loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandinu?
3. Hvenær má vænta uppfærslu á aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til að endurspeglu þann aukna metnað sem nauðsynlegur er?

Skriflegt svar óskast.